

**Tillaga að breytingu á forsendum  
fyrir uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila í rekstri  
og þeirra sem hætt hafa rekstri.**

Óskað hefur verið eftir að forsendur samkomulags ríkis og sveitarfélaga vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila sbr. samkomulag dags. 28. október 2016 og 13. janúar 2017, verði endurskoðaðar. Eftifarandi breytingar á fyrri forsendum eru lagðar til:

1. Mat á lífeyrisskuldbindingum sem til uppgjör koma verði miðað við laun og rétt til lífeyris eins og þau eru metin í maí 2017. Í fyrri útreikningum voru skuldbindingar metnar m.v. árslok 2015 og uppgjörsfjárhæð færð upp með vísitölu til ársloka 2016<sup>1</sup>. Skuldbindingar metnar eins og hér er lagt til, er nákvæmara mat skuldbindinga m.v. tímasetningu uppgjör. Ofanefnd dagsetning gildir fyrir uppgjör allra lífeyrissjóða sem hlut eiga að máli vegna hjúkrunarheimila.
2. Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga gerði tillögu um að ný spá um lækkun dánartíðni tæki gildi frá og með lokum árs 2015. Þrátt fyrir að nýjar forsendur um lækkun dánartíðini hafi almennt ekki tekið gildi við mat skuldbindinga er lagt til að miðað verði við spána í uppgjöri vegna hjúkrunarheimila. Þetta jafngildir um 6-8% hækkun lífeyrisskuldbindinga sem koma til uppgjörs, breytilegt eftir samsetningu þess hóps sem í hlut á.
3. Forsenda í samkomulaginu frá 13. janúar 2017 er að eftirlaunahækkanir verði 1,5% umfram hækkun verðlags. Þessi forsenda er almennt notuð af tryggingastærðfræðingum við mat á framtíðarskuldbindingum. Lagt er til að áhættu vegna frekari raunlaunabreytinga verði mætt með því að miða við 2% í stað 1,5% þegar um fullnaðaruppgjör er að ræða. Þetta jafngildir um 7% álagsþætti á skuldbindingar eins og þær eru metnar m.v. maí 2017.
4. Greiðslur á lífeyri, greiðslur ábyrgðaraðila til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs sem og ávöxtun eigna í ljósi breytrar dagsetningar koma til endurskoðunar. Greiddur lífeyrir bætist við uppgjörsfjárhæð, færður til loka maí 2017 með breytingu vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna og 1,5% vöxtum til samræmis við forsendur á útreikningi á skuldbindingum. Eignastaða í árslok 2015 verði framreknuð til loka maí 2017 m.v. ávöxtun eignasafna árið 2016.

Ítreka skal að sömu forsendur skulu gilda fyrir öll uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila óháð því hvort í hlut á lífeyrissjóður sem ríkissjóður ber ábyrgð á eða sjóðir þar sem hlutaðeigandi sveitarfélag stendur í ábyrgð fyrir. Ennfremur að ofangreind uppgjörsaðferð gildi fyrir öll hjúkrunarheimili jafnt starfandi og þau sem látið hafa af rekstri.

Meðfylgjandi er lýsing á áhrifum forsendubreytinganna fyrir Hjúkrunarheimilið Höfða á Akranesi.

---

<sup>1</sup> Fyrra samkomulag miðaði við að skuldbindingar til uppgjörs yrðu uppfærðar með vísitölu lífeyrigrreiðsla 11,2%.

26. júní 2017/mp

### **Skuldbindingar vegna starfsmanna Hjúkrunarheimilisins Höfða í Brú lífeyrissjóði.**

Í meðfylgjandi yfirliti er borinn saman annars vegar samkomulagsgrunnur (A) sem náðst hafði en var andmælt af hálfu bæjarstjórnar Akraness og hins vegr áhrif **tillögu** sem gerð er til lausnar á málinu (C). Mat á skuldbindingum er byggt á athugun tryggingastærðfræðings Lífeyrissjóðsins Brúar, sbr. hjálagt skjal:

	<i>Skuld-bindingar</i>	<i>Greiddur lífeyrir</i>	<i>Eign skuldb.</i>	<i>Nettó m.v.</i>	<i>Uppgjör ársl. 2016</i>	<i>Uppgjör m.v. maí 2017</i>
A Grunnur samkomulags frá 13. jan. 2017*	941,3	-	78,6	862,4	959,0	-
B Ný dánartafla, 1,5% laun umfr. verðl.**	1.073,6	87,6	79,4	1.081,7	-	1.081,7
C Ný dánartafla, 2% laun umfr. verðl.***	1.142,7	87,6	79,4	1.150,6	-	<b>1.150,6</b>

\* Miðað er við nettó skuldbindingar (þ.e. að teknu tilliti til eigna) eins og þær voru metnar árslok 2015. Gengið er út frá að nágildandi töflur um dánartíðni gildi, taka lífeyris hefjist við 68 ára aldur og að fylgt sé öðrum forsendum tryggingastærðfræðinga um útreikning framtíðarlífeyrisskuldbindinga b.m.t. að launabreytingar nemi 1,5% umfram verðlagshækkanir. Loks að við uppgjör færðust fjárhæðir upp um 11,2% eða sem nemur breytingu vísitölu lífeyrisgreiðslna frá árslokum 2015 til ársloka 2016.

\*\* Í lið B eru skuldbindingar metnar m.v. maí 2017. Gengið er út frá nýrri forsendu um dánartíðni en að taka lífeyris (þ.e. við 67/68 ár, allt eftir hvaða sjóður á í hlut), standi óbreytt. Þá er tekið tillits greidds lífeyris á árinu 2016 til júní 2017, ávöxtunar eigna og loks að laun hækki um 1,5% umfram verðlag.

\*\*\* Í tilviki C gildir sama og í B að því frátöldu að miðað er við að launabreyting umfram verðlag sé 2% í stað 1,5%.

Hlutur ríkissjóðs af nettóskuldb. 97% m.v. A	930,2
Hlutur sveitarsjóðs 3% m.v. A	28,8
Samtals	959,0
Hlutur ríkissjóðs af nettóskuldb. 97% m.v. C	1.116,1
Hlutur sveitarsjóðs 3%	34,5
Samtals	1.150,6

**Hr. Magnús Pétursson**

**Útreikningar varðandi fjárhæð til uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í réttindasafni  
Lífeyrissjóðs starfsmanna Akraneskaupstaðar.**

Að beiðni yðar hefi ég reiknað mat á lífeyrisskuldbindingum vegna Höfða hjúkrunarheimilis kt 500576-0229 í réttindasafni Lífeyrissjóðs starfsmanna Akraneskaupstaðar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Útreikningar hafa verið gerðir miðað við lífeyrisskuldbindingar í lok árs 2015, og einnig miðað við stöðu í lok maí 2017.

Reiknað hefur verið með forsendum um lífslíkur í samræmi við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga sem sett var fram á árinu 2015, þar sem ætlað er fyrir áframhaldandi lækkun aldursbundins dánarstyrks. (e death intensity). Aðrar líffræðilegar forsendur eru hinar sömu og var við tryggingafræðilega athugun réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs, við tryggingafræðilegar athuganir sjóðsins árin 2015 og 2016.

Ávöxtun er miðuð við 3,5% umfram hækjun verðlags. Að beiðni yðar hafa skuldbindingar verið metnar miðað við mismunandi forsendur um hækjun launa umfram hækjun verðlags, annars vegar 1,5% árlega hækjun (nákvæmlega tiltekið 1,035/1,02) og hins vegar 2,0%. Staðalforsenda við tryggingafræðilegar athuganir um réttindaákvæði eins og við eiga hjá starfsmönnum Höfða í B-deild Brúar lífeyrissjóðs eru 1,5% umfram hækjun verðlags.

Einnig er til samanburðar birt niðurstaða venjulegum reikniforsendum réttindasafnsins í tryggingafræðilegi athugun ársins 2015. Til frádráttar á skuldbindingum kemur hlutur sem Höfða hjúkrunarheimili eru reiknaður í eignum réttindasafnins.

**Niðurstöður mats skuldbindinga**

Allar fjárhæðir eru sýndar í milljónum

**I. Skuldbindingar við lok árs 2015**

Lok árs 2015	Skuldb.	Eign	Nettó	Hækjun
Trygg. fr. athugun	941,3	78,6	862,7	
Reiknað m. lækkun dánartíðni	1.003,0	78,6	924,4	7,15%
Reiknað m. lækkun dánartíðni, 2,0% launahækjun	1.071,1	78,6	992,5	7,37%

Skuldbindingar eru reiknaðar miðað við 31.12.2015. Stærstur hluti skuldbindinganna breytist með vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna, og miðuðust við gildi 443,8 (nóvember 2015) Eigi að færa fjárhæðir til loka maí 2017 er nærtækt að miða við breytingu vísitölunnar og þá vexti sem notaðir eru við útreikning skuldbindinganna, sem eru um 2% eða 1,5%, eftir því hvor forsendan er notuð um hækjun launa.

**Uppgjör við lok maí 2017**

Nokkrir starfsmenn Höfða greiða áfram til B-deildar Brúar lífeyrissjóðs. Fyrir þá er greitt 12% iðgjald af launum sem lífeyrisréttur miðast við. Iðgjaldið stendur ekki undir verðmæti skuldbindinga og má meta sem svo að iðgjald hefði þurft að vera 21% af launum til viðbótar því sem greitt hefur verið.

Ef gera ætti upp að fullu fjárhæð áfallinna skuldbindinga við lok maí 2017 á grundvelli útreikninga við lok 2015 þyrfti því að bæta við greiðslu vegna nýrra skuldbindinga, sem nemur 6,6 milljónum vegna 2016 og 2,2 vegna ársins 2017.

Lok árs 2015, fært til loks maí 2017	Nettó	Nýtt	Samtals
Reiknað m. lækkun dánartíðni	1.088,6	8,8	<b>1.097,4</b>
Reiknað m. lækkun dánartíðni, 2,0% launahækkun	1.160,7	8,8	<b>1.169,5</b>

## II. Skuldbindingar við lok maí 2017

Með sömu forsendum og að ofan er lýst hefur skuldbinding vegna starfsmanna Höfða einnig verið reiknuð miðað við stöðu í lok maí 2017. Aflað var upplýsinga um lífeyrisgreiðslur í maí 2017, áunnin réttindi og annað það sem nauðsynlegt er til mats lífeyrisskuldbindinga, með sama hætti og gert er við árlegar tryggingafræðilegar athuganir.

Á grundvelli þessarra upplýsinga hefur verið reiknað mat á lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna Höfða hjá Brú lífeyrissjóði við lok maí 2017. Reiknað hefur verið með sömu forsendum og í lið I.

Ef þess er óskað að skipting skuldbindinga milli ríkis og Akraneskaupstaðar verði eftir sem áður miðuð við lok árs 2015 þarf að líta til þess lífeyris sem greiddur hefur verið 2016 og 2017, þar sem þær greiðslur eru hluti af skuldbindingunni í lok 2015. Nýjar skuldbindingar sem myndast hafa eru aftur á móti inni í matinu við lok maí 2017. Eign réttindasafnsins í B-deild Brúar hefur rýrnað tölувvert á föstu verðlagi frá lokum árs 2015. Að hluta er það vegna lágrar ávöxtunar, en þó einkum vegna þess að eignir réttindasafnsins eru mun lægri en áfallnar skuldbindinar og því rýrna eignir jafn og þétt með útgreiðslu lífeyris. Ef greiddum lífeyri 2016 og 2017 er bætt við skuldbindingar er ekki eðlilegt að miða við rýrnun eigna þess vegna, og verður því eign hér reiknuð miðað við ávöxtun eignasafnsins 2016, miðað við stöðu þess í lok 2015. Fæst með þessum hætti eftirfarandi mat á nettó skuldbindingu lífeyris vegna starfsmanna Höfða hjá Brú lífeyrissjóði við lok maí 2017:

Lok maí 2017	Greiddur			
	Skuldb.	lífeyrir	Eign	Samtals
Reiknað m. lækkun dánartíðni	1.073,6	87,6	79,4	<b>1.081,7</b>
Reiknað m. lækkun dánartíðni, 2,0% launahækkun	1.142,7	87,3	79,4	<b>1.150,6</b>

## Samanburður I og II

Niðurstaða eftir aðferð II er lítillega lægri en eftir aðferð I. Eðlilegt er að einhver munur komi fram þar sem forsendur reiknilífskans um væntan líftíma, hjúskaparstétt og önnur slík atriði ganga

ekki nákvæmlega eftir. Meira máli skiptir þó hér að í reynd hafa réttindi hluta sjóðfélaga ekki hækkað með sama hætti og vísitala meðallauna opinberra starfsmanna. Það á við um virka sjóðfélaga og þá lífeyrisþega sem fylgja eftirmannsreglu. Lífeyrir og laun þessa hóps hafa ekki breyst frá júní 2016, en á sama tíma hefur vísitalan hækkað u.þ.b. 4%. Skuldbindingar hópsins eru um 400 milljónir, þannig að niðurstaða hefði orðið um 16M hærri ef réttindi hópsins hefði fylgt vísitolunni, sem hefði leitt til nánast sömu niðurstöðu eftir aðferð I og II. Þess má geta að launhækkun mun verða í júní 2017 hjá þessum hóp.

Virðingarfyllst,



---

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur